



Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. maí 2007
Tilvísun: 2007040026
Bréfalykill: 22.2

Efni: Umsögn Orkustofnunar um borun rannsóknarhola ÞG-4 og ÞG-5 á Peistareykjum, Aðaldælahreppi

Orkustofnun hefur borist bréf Skipulagsstofnunar dags. 23. apríl 2007 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um matsskyldu fyrirhugaðrar borunar tveggja rannsóknarhola á Peistareykjum (mál Skipulagsstofnunar 2007030057).

Fyrirhugaðar tvær borholur munu verða boraðar af borteigum sem þegar eru til staðar, en teigana þarf að stækka til að koma bortækjum að og vegna hönnunar fyrirhugaðra hola, en þær verða stefnuboraðar (skáholur).

Önnur fyrirhugaðra hola verður á sama borteig og hola ÞG-01 og þarf að stækka borteiginn um 1.700 m². Stækkun teigsins er til suð-vesturs og það land sem fer undir er gróið land og þýft. Engar merkar jarðminjar munu skaðast við stækkunina og gróðursvæðið sem fer undir er hluti af samfelldri gróðurþekju sem nær yfir mun stærra svæði. Engin sérstök gróðursvæði hverfa og jarðhiti er ekki á yfirborði á þessu svæði.

Hin fyrirhugaða hola verður á sama borteig og hola ÞG-03 og á sama hátt þarf að stækka borteiginn um 1.700 m². Stækkun teigsins fer yfir nútímahraun frá Stórávíti sem er dálítið gróið. Jarðhita gætir í hrauninu þarna og þarf að fara varleg og reyna að skaða jarðhitauppstreymið sem minnst. Gróður er álíka og í hrauninu í kring. Hraunið frá Stórávíti þekur stórt svæði og ekkert er frábrugðið við hraunið á þeim stað þar sem áætlað er að setja borteiginn frá öðrum hlutum hraunsins, nema gufurnar sem stíga upp af því á nokkrum stöðum.

Þar sem um er að ræða stækkun á borteigum sem fyrir eru verða umhverfisáhrif mjög lítil. Núverandi tækni gerir það mögulegt að nýta sama borteig fyrir fleiri en eina borholu sem minnkar áhrif virkjunar á viðkomandi svæði til muna. Í því tilviki sem hér er rætt um verða engir nýir vegslóðar lagðir og ekki verða opnaðar nýjar efnisnámur, heldur notaðar þær sem fyrir eru.

Nýjar viðnámsmælingar á jarðhitasvæðinu benda til þess að svæðið sé um 45 km² stórt á 800 m dýpi. Hiti í borholu ÞG-03 er einn sá hæsti sem hefur mælst á landinu, um 350°C. Hola ÞG-02 er mjög lek en með of lítinn þrýsting til að unnt sé að mæla orku hennar. Mælingar á holum gefa eftirfarandi:

Hola kg/sek gufa vermi kJ/sek orka MWe

ÞG-01	14	2300	6
ÞG-02	8-10 (háþr)	900-1000	ekki reiknanleg
ÞG-03			6-8 MWe

Borun hveirrar holu sem er látin blása hefur staðbundin áhrif. Þegar holur er lokað eru áhrif engin. Þær holur sem fyrirhugað er að bora eru nauðsynlegur þáttur í að geta metið orku svæðisins, en á fyrirliggjandi gögnum er vonast til að svæðið standi undir 180 MW virkjun.

Þeim tveimur borholum sem áætlað er að bora í næstu atrennu er ætlað að gefa upplýsingar um legu þeirra sprungna á svæðinu sem leiða jarðhita til yfirborðs og að staðfesta niðurstöður jarðeðlisfræðilegra mælinga á tilvist háviðnámskjarna á svæðinu, þ.e. jarðhitakerfinu sem áætlað er að virkja. Áhrif borana á auðlindina eru mjög lítil á þessu stigi rannsóknanna.

Það er því skoðun Orkustofnunar að umrædd framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, enda verði þess gætt að ganga um ósnortna náttúru af virðingu og varfærni.

Virðingarfyllst

Helgi Torfason

Elín Smáradóttir